

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg frá 16. janúar 2002.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

Íbúðir, íbúðarhúsnæði	kr. á íbúð
	11.100

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði. Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Fjárhæðir skv. 2. gr. endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Samþykkt í Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 30. desember 2004.

Selfossi, 3. janúar 2005.

Einar Njálsson bæjarstjóri.